

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 - 2016, Suðurhlíð 38.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 14. mars 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felst í því að landnotkun á lóðinni nr. 38 við Suðurhlíð er breytt úr stofnanasvæði í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 14. mars 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.